Messur



Guðsþjónustur 28 janúar.

Árbæjarprestakall: Barnasamkoma kl. 11 árdegis. Guðsþjónusta kl. 14. Organleikari Jón Mýrdal. Fyrirbænastund miðvikudag kl. 16.30. Æskulýðsfundur kl. 20. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

Áskirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Kaffi eftir messu. Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson.

Breiðholtskirkja: Kynningardagur á starfi Sambands íslenskra kristniboðsfélaga. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Valdís Magnúsdóttir kemur í heimsókn. Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Kjartan Jónsson kristniboði prédikar. Barnakórinn syngur. Organisti Daníel Jónasson. Að lokinni guðsþjónustu sýna þau Valdís og Kjartan myndir frá kristniboðsakrinum og svara fyrirspurnum. Tekið á móti gjöfum til kristniboðsstarfsins. Bænaguðsþjónusta þriðjudag kl. 18.30. Fyrirbænaefni má koma á framfæri við sóknarprest í viðtalstíma hans þriðjud.-föstud. kl. 17–18, s. 71718. Sr. Gísli Jónasson.

Bústaðakirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðrún Ebba Ólafsdóttir, sr. Pálmi Matthíasson. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Þorvaldur Björnsson. Fermingarbörn og fjölskyldur þeirra eru hvött til þátttöku. Miðvikudagur: Félagsstarf aldraðra kl. 13–17. Æskulýðsfundur kl. 20. Sr. Pálmi Matthíasson.

Digranesprestakall: Barnasamkoma í safnaðarheimilinu við Bjarnhólastíg kl. 11. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 11. Sr. Þorbergur Kristjánsson.

Dómkirkjan: Laugardagur 27. jan.: Barnasamkoma kl. 10.30. Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson. Sunnudagur 28. jan. Messa kl. 11. Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson. Messa kl. 14. Sr. Hjalti Guðmundsson. Dómkórinn syngur við báðar messurnar. Organleikari Marteinn Hunger Friðriksson.

Landakotsspítali: Messa kl. 13. Organisti Birgir Ás Guðmundsson. Sr. Hjalti Guðmundsson.

Elliheimilið Grund: Guðsþjónusta kl. 10. Sr. Magnús Björnsson. Organisti Kjartan Ólafsson.

Fella- og Hólakirkja: Barnasamkoma kl. 11. Umsjón Ragnheiður Sverrisdóttir. Guðsþjónusta kl. 14. Prestur sr. Hreinn Hjartarson. Organisti Guðný M. Magnúsdóttir. Mánudagur: Fundur í Æskulýðsfélaginu kl. 20.30. Miðvikudagur: Guðsþjónusta kl. 20.30. Prestur Sr. Hreinn Hjartarson. Organisti Guðný M. Magnúsdóttir. Sóknarprestar.

Fríkirkjan í Reykjavík: Guðsþjónusta kl. 11. Helgistund kl. 17. Orgelleikari Pavel Smid. Cecil Haraldsson.

Grafarvogsprestakall: Messuheimilið, félagsmiðstöðinni Fjörgyn við Foldaskóla. Barnamessa kl. 11 Sunnudagspóstur – söngvar. Aðstoðarfólk Guðrún, Valgerður og Hjörtur. Skólabíll fer frá Hamrahverfi kl. 10.45. Almenn guðsþjónusta kl. 14. Fermingarbörn og foreldrar þeirra hvött til þátttöku. Kirkjukór Grafarvogssóknar syngur. Organisti Sigríður Jónsdóttir. Sr. Vigfús Þór Árnason.

Grensáskirkja: Barnasamkoma kl. 11. Eldri börnin uppi í kirkjunni, yngri börnin niðri. Messa kl. 14. Organisti Árni Arinbjarnarson. Almenn samkoma fimmtudag kl. 20.30. Æskulýðsfundur föstudag kl. 17. Biblíulestur og bænastund laugardag kl. 10. Prestarnir.

Hallgrímskirkja: Laugardagur: Samvera fermingarbarna kl. 10. Sunnudagur: Messa og barnasamkoma kl. 11. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson. Orgeltónleikar Listvinafélagsins kl. 17. Hörður Áskelsson leikur á kórorgel Hallgrímsirkju verk eftir Dietrich Buxtehude og Johann Sebastian Bach. Þeir sem vilja bílfar hringi í Hallgrímskirkju í síma 10745 eða 621475. Þriðjudagur 30. jan. Fyrirbænaguðsþjónusta kl. 10.30. Beðið fyrir sjúkum. Miðvikudagur 31. jan. Opið hús fyrir aldraða kl. 14.30.

Landspítalinn: Messa kl. 10. Sr. Bragi Skúlason.

Háteigskirkja: Morgunmessa kl. 10. Sr. Tómas Sveinsson. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Kirkjubíllinn fer um Hlíðarnar fyrir og eftir barnaguðsþjónustuna. Hámessa kl. 14. Sr. Arngrímur Jónsson. Kvöldbænir og fyrirbænir eru í kirkjunni á miðvikudögum kl. 18. Prestarnir.

Kársnesprestakall: Barnasamkoma í safnaðarheimilinu Borgum sunnudag kl. 11. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 14. Sr. Árni Pálsson.

Langholtskirkja: Kirkja Guðbrands biskups. Óskastund barnanna kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Þórhallur Heimisson.

Hjallaprestakall: Messusalur Hjallasóknar í Digranesskóla. Barnamessa kl. 11 en hálfri klukkustund áður hefst föndurstund. Almenn guðsþjónusta kl. 14. Fermingarbörn aðstoða við messuna. Sr. Kristján Einar Þorvarðarson.

Laugarneskirkja: Laugardagur 27. jan. Guðsþjónusta í Hátúni 10 b, 9. hæð, kl. 11. Sunnudagur 28. jan. Messa kl. 11. Barnastarf á sama tíma. Kaffi á könnunni eftir messu. Opið hús hjá samtökum um sorg og sorgarviðbrögð þriðjudagskvöld kl. 20–22. Helgistund kl. 22. Kyrrðarstund í hádeginu fimmtudag. Orgelleikur, fyrirbænir, altarisganga. Léttur hádegisverður í safnaðarheimilinu eftir stundina. Sóknarpestur.

Óháði söfnuðurinn: Guðsþjónusta kl. 14. Leikmenn sjá um ritningarlestra. Björn Björnsson syngur einsöng. Organisti Jónas Þórir Þórisson. Þorsteinn Ragnarsson safnaðarprestur.

Seljakirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Messa kl. 14. Organisti Kjartan Sigurjónsson. Sóknarprestur. Mánudagur. Fundur hjá KFUK, yngri stúlkur kl. 17.30, eldri kl. 18.30. Fundur í æskulýðsfélaginu kl. 20. Miðvikudagur. Fundur hjá KFUM, yngri drengir kl. 17.30, eldri kl. 20.

Neskirkja: Laugardagur 27. jan. Félagsstarf aldraðra. Farið verður í Þjóðminjasafnið. Lagt af stað frá kirkjunni kl. 15. Sunnudagur 28. jan. Barnasamkoma kl. 11. Umsjón Sigríður Óladóttir. Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Frank M. Halldórsson. Munið kirkjubílinn. Orgel- og kórstjórn Reynir Jónasson. Miðvikudagur. Guðsþjónusta kl. 18.20. Sr. Frank M. Halldórsson. Fimmtudagur. Opið hús fyrir aldraða kl. 13–17.

Seltjarnarneskirkja: Fjölskylduguðsþjónusta í beinni útsendingu í útvarpi kl. 11. Organisti Gyða Halldórsdóttir. Prestur sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir. Barnastarf á sama tíma. Umsjón hafa Adda Steina, Sigríður og Hannes. Æskulýðsfundur mánudagskvöld kl. 20.30. Opið hús fyrir 10–12 ára þriðjudag kl. 17.30. Opið hús fyrir foreldra ungra barna fimmtudag kl. 15. Halla Jónsdóttir kemur og talar um þroska barna, 3 ára og eldri. Takið börnin með.

Fríkirkjan, Hafnarfirði: Barnasamkoma kl. 11. Einar Eyjólfsson.

Eyrarbakkakirkja: Messa kl. 14. Sóknarprestur.

Stokkseyrarkirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Sóknarprestur.

Keflavíkurkirkja: Sunnudagaskóli kl. 11 í umsjón Málfríðar Jóhannsdóttur og Ragnars Karlssonar. Munið skólabílinn. Messa kl. 14, altarisganga. Kór Keflavíkurkirkju syngur. Organisti örn Falkner. Sóknarprestur.

Slunkaríki:

Jean-Paul Franssens sýnir á afmælissýningu

Í tilefni fimm ára afmælis Slunkaríkis á Ísafirði er efnt til sýningar á verkum hollenska listamannsins Jean-Paul Franssens.

Jean-Paul Franssens er fæddur í Groningen 1938. Hann fór ungur að mála og heillaðist af expressionískri myndlist. Um tvítugt hlaut hann styrk til söngnáms og stefnt var að óperusöng. Eftir hálft annað ár söðlaði hann um og sneri sér að óperustjórn og starfaði í Hollandi og Vestur-Þýskalandi fram til ársins 1975. Frá og með því ári hefur hann helgað sig myndlist og ritstörfum og orðið vel ágengt.

Franssens hefur sýnt verk sín á fjölmörgum einka- og samsýningum á meginlendinu og ritverkum hans hefur verið lofsamlega tekið. Skáldsagan De wisselwachter (Brautarvörðurinn) kom út 1981 og vakti mikla athygli og var kvikmynduð 1987.

Sýning Jean-Paul Franssens verður opnuð laugardaginn 27. janúar kl. 16 og stendur hún til 18. febrúar. Slunkaríki er opið fimmtudaga til sunnudags kl. 16–18.



Tolli sést hér vera að setja upp eitt verka sinn

Kjarvalsst

Olímálverk

– og leirmunir e

Á laugardaginn verða opnaðar tvær nýjar sýningar á Kjarvalsstöðum. Þorlákur Kristinsson eða Tolli eins og listamannsnafn hans er opnar sýningu á olíumálverkum. Í sambandi við opnun sýningar Tolla verður haldin kvöldvaka á sunnudagskvöldið sem ber yfirskriftina Upphaf aldarloka. Þar munu koma fram Megas, Bubbi Mortens, Sigfús Bjartmarsson, Einar Már Guðmundsson, Sigrún Hjálmtýsdóttir og Anna Guðný Guðmundsdóttir.


Tolli fæddist 3. október 1953 í Reykjavík. Hann stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1978–1983 og við Hochschule der Künste í Vestur-Berlín 1983–1984. Hann hefur haldið fjölda einkasýninga og verið með í samsýningum. Síð-

Orgeltónleikar í Hallgrímskirkju

Listvinafélag Hallgrímskirkju gengst á sunnudaginn kl. 17 fyrir orgeltónleikum í Hallgrímskirkju. Hörður Áskelsson, organisti kirkjunnar, leikur orgelverk eftir Bach og Buxtehude, meðal annars Passacaglíur beggja höfundanna. Auk þess leikur hann preludíur og fúgur og sálmaforleikir beggja höfundana eru á efnisskránni.

Hörður leikur á tíu radda kórorgel kirkjunnar. Þessir tónleikar, sem eru áskriftartónleikar hjá félaginu, eru jafnframt haldnir til fjáröflunar fyrir orgelsjóð Hallgrímskirkju og rennur aðgangseyririnn óskiptur í orgelsjóð.

Seint á síðasta ári var undirritaður kaupsamningur um 70 radda orgel við orgelsmiðjuna í Bonn. Smíðatími er tvö og hálft ár og verður að greiða orgelið að mestu á þeim tíma. Verið er að undirbúa átak til fjáröflunar sem Listvinafélagið á aðild að. Á tónleikunum á sunnudaginn verður sýnd teikning af væntanlegu Klaisorgeli Hallgrímskirkju.



Hörður Áskelsson.

Nýhöfn:

Olíuverk

Guðrún Einarsdóttir opnar málverkasýningu í Nýhöfn, Hafnarstræti 18, laugardaginn 27. janúar kl. 14–16. Á sýningunni verða olíumálverk unnin á síðastliðnu ári.

Guðrún er fædd 1957 í Reykjavík. Hún stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1984–1989. Þetta er önnur einkasýning Guðrúnar en hún sýndi 1988 í Hafnargalleríunu, Hafnarstræti 4.


Sýningin stendur til 14. febrúar. Hún er opin virka daga frá kl. 10–18 og um helgar frá kl. 14–18.

Leikfélag Kópavogs:

Blúndur og blásýra

Leikfélag Kópavogs sýnir á sunnudagskvöld kl. 20.00 gamanleikinn Blúndur og blásýra eftir Joseph Kesselring í þýðingu Ævars Kvaran. Leikritið fjallar um systurnar Abby og Mörthu Brewster sem af góðmennsku sinni taka upp á því að eitra fyrir einmana körlum. Einnig koma við sögu bræðrasynir þeirra þrír, hver öðrum dularfyllri. Einn þeirra heldur sig vera Ronald Reagan, annar er eftirlýstur fyrir morð. Sá er í slagtogi með hinum undarlega lýtalækni Dr. Einstein.

Miðasala er opin milli kl. 16 og 18 virka daga og símsvari tekur við pöntunum þess á milli. Sýnt er í Félagsheimili Kópavogs, Fannborg 2.



Guðný Magnúsdóttir ásamt einum leirskúlptúr

Tilkynningar

Laugardagsganga Hana nú

Vikuleg laugardagsganga Hana nú í Kópavogi verður á morgun, 27. janúar. Lagt af stað frá Digranesvegi 12 kl. 10. Gönguglaðir Kópavogsbúar heilsa þorranum með vaxandi bjartsýni og þátttöku í bæjarröltinu. Kemst þó hægt fari er sannleikur þar sem gangan er fyrir alla. Einkunarorð eru: samvera, súrefni og hreyfing. Nýlagað molakaffi.

Göngu-Hrólfur

hittist að Nóatúni 17, laugardaginn 27. febrúar kl. 10. Göngunni lýkur að þessi sinni með því að koma saman í safnaðarheimili Langholtskirkju og fagna þar *þorra með söng og kaffiveitingum.*

Félagsvist Breiðfirðingafélagsins

Breiðfirðingafélagið í Reykjavík verður *með félagsvist í kvöld, 26. janúar, kl. 20.30* í Breiðfirðingabúð. Góð verðlaun. Dansað frá kl. 23.